



Ráðgáta um geimsegla leyst!



Alheimurinn er geysistór og uppfullur af ótal skrífnum fyrirbærum. Það kemur því ekki mjög á óvart að við uppgötum sífellt eitthvað nýtt. Sumar uppgötvanir eru áhugaverðari en aðrar – eins og til dæmis uppgötun þessarar viku sem leysir 35 ára gamla ráðgátu: Ráðgátu um einmana segulstjörnu.

Þegar stjörnur deyja verða til ný og stórfurðuleg fyrirbæri. Hvers konar fyrirbæri veltur á stærð stjörnnar sem deyr. Til dæmis, þegar stjarna sem er meira en 30 sinnum efnismeiri en sólin deyr verður hún að svartholi.

Fyrir þremur árum rákust stjörnufræðingar á leifar stjörnu sem var upphaflega 40 sinnum efnismeiri en sólin. Leifarnar voru reyndar ekki svarthol heldur segulstjarna. Þess vegna klóruðu stjörnufræðingarnir sér í kollinum.

Segulstjörnur eru sérkennileg fyrirbæri, jafnvel á stjarnfræðilegan mælikvarða. Þær eru á stærð við höfuðborgarsvæðið en vega meira en sólin okkar! Þær snúast líka gífurlega hratt og eru feykilega sterkir seglar!

Enn skrífari eru þó einmana segulstjörnur. Segulstjörnur verða nefnilega til við samband tveggja stjarna, sem þýðir að segulstjörnur þurfa förunaut eða fylgistjörnu til að verða til. Þessi segulstjarna var þó ein síns liðs í geimnum.

Stjörnufræðingar telja að rétt áður en sumar stórar og efnismiklar stjörnur deyja og verða að svartholum, steli fylgistjörnur dálitlu efni frá þeim. Sumar fylgistjörnur geta soggð til sín nægilega mikið efni frá hinni stjörnunni þannig að hún verður ekki nægilega efnismikil til að geta orðið að svartholi þegar hún deyr. Þá myndast segulstjarna í staðinn.

Stjörnufræðingar telja að fylgistjarna hafi líka hjálpað til við að mynda þessa dularfullu segulstjörnu. Þegar stjarnan sem myndaði segulstjörnuna sprakk, kastaðist hin burtu og hófu stjörnufræðingarnir þá leit að henni.

Eftir áralanga leit fundu þeir loks stjörnuna sem var að flýja af vettvangi! Þegar stjarnan fannst höfðu stjörnufræðingar loksins leyst ráðgátun um myndun segulstjarna.

COOL FACT

Segulstjörnur eru sterkustu seglarnir í alheiminum. Ef segulstjarna væri helmingi nær jörðinni en tunglið, myndi hún eyðileggja allar segulrendurnar á kreditkortum á jörðinni!





More information about EU-UNAWA
Space Scoop: www.eu-unawe.org/kids/